



AKUREYRARBÆR
Skipulagssvið

Norðurorka hf.
Rangárvöllum
603 Akureyri

Akureyri, 10.11.2017
2017020126 / 09-510

Efni: Samþykkt á byggingaráformum

Óseyri 33 - umsókn um byggingarleyfi fyrir hreinsistöð

Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa hefur á fundi sínum þann 9. nóvember 2017 gert eftirfarandi bókun:

Erindi dagsett 21. febrúar 2017 þar sem Gísli Kristinsson fyrir hönd Norðurorku hf., kt. 550978-0169, sækir um byggingarleyfi fyrir hreinsistöð á lóð nr. 33 við Óseyri. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Gísla Kristinsson. Innkomnar nýjar teikningar 16. október og 2. nóvember 2017.

Staðgengill byggingarfulltrúa samþykkir erindið þar sem byggingin uppfyllir skilyrði í umhverfismati.

Vegna byggingaleyfis greiðist byggingargjald skv. gjaldflokki 07, að upphæð kr. 289.060,- og gjald vegna endurskoðunar aðaluppdráttu kr. 32.854,-. Einnig leggst nú á gjald fyrir útmælingu á húsi að upphæð kr. 54.193,-. Meðfylgjandi er greiðsluseðill vegna ofantalinna gjalda með 30 daga gjaldfresti. Þegar þú hefur gert skil á gjöldunum sbr. hér að ofan færð þú afhentan á skipulagsdeild minni uppdrætti af byggingunni með árituðu samþykki mínu.

Ekki er heimilt að byrja á verkinu fyrr en byggingarleyfi hefur verið gefið út. Byggingarleyfi verður gefið út þegar aðaluppdrættir hafa verið áritaðir af skipulagsstjóra, byggingarleyfisgjald og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína á byggingarframkvæmdinni og skilað inn staðfestingu iðnmeistara um ábyrgð þeirra á viðkomandi verkþáttum og tilskildum séruppdráttum hefur verið skilað til embættisins og þeir áritaðir.

Samþykkt byggingaráformanna fellur úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan tveggja ára frá samþykkt þeirra.

Virðingarfyllst,

Stefanía Sigmundsdóttir



Stefanía Sigmundsdóttir
f.h. byggingarfulltrúa

Afrit: Gísli Kristinsson